



Til menntaráðs

Kópavogi, 12. ágúst 2026
2608671/202.00 ABS

Tillaga að greiningu og áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi 2026–2030

Menntaráð leggur til að hefja greiningu og mótun heildstæðrar áætlunar um notkun snjalltækja, stafræna hæfni og menntatækni í skóla- og frístundastarfi í Kópavogi til ársins 2030. Áætlunin byggir á þeirri meginforsendu að tæknin sé leið að markmiði í námi en ekki markmið í sjálfu sér og að ákvarðanir um innviði, kennslulausnir og tækjaumhverfi styðji við skýr markmið um gæði náms, hæfni, jöfnuð, öryggi og velferð barna og ungmenna.

Við mótun áætlunarinnar verði lögð áhersla á faglegt mat skóla og kennara á því hvenær stafræn tækni styður við nám og kennslu og hvenær ekki. Jafnframt verði mótuð viðmið eftir aldurstigum um markvissa nýtingu stafrænnar tækni með hliðsjón af námsmarkmiðum, kennslufræðilegum tilgangi, gæðum náms og jafnvægi milli fjölbreyttra náms- og kennsluaðferða.

Menntaráð leggur áherslu á:

- að stafræn tækni og námstæki verði nýtt í skýrum námslegum tilgangi, þegar þau styðja við nám, aðgengi, sköpun, endurgjöf eða gæði kennslu
- að stafræn tækni sé ekki nýtt þegar hefðbundnari kennsluaðferðir eru taldar leiða til betri árangurs
- viðmið um stafræna hæfni nemenda frá leikskóla til loka grunnskóla
- eflingu stafrænnar borgaravitundar, netöryggis, miðlalæsis og gagnrýnninnar hugsunar
- innleiðingu gervigreindarlæsis með ábyrgum, öruggum og aldursviðeigandi hætti
- fjölbreytta og skapandi kennsluhætti og þróun námsmats með stuðningi stafrænnar tækni
- markvissan undirbúning nemenda fyrir áframhaldandi nám og virka þátttöku í samfélagi sem einkennist af aukinni stafvæðingu

Mat á framtíðarfyrirkomulagi tækja í skólum taki mið af kennslufræðilegum markmiðum, stafrænni hæfni nemenda á hverju aldurstigi, persónuvernd og upplýsingaöryggi, jöfnu aðgengi nemenda að námsgögnum og stuðningsúrræðum, áhrifum á vinnuumhverfi kennara, skipulag náms og kennslu, skipulag náms og kennslu og fjölbreyttum athafnakostum í námi.



Menntaráð leggur áherslu á að notkun menntatækni og kennslulausna byggji á ábyrgum og gagnreyndum grunni. Við val og innleiðingu kennslulausna verði horft til námsárangurs, kennslufræðilegs gildis, persónuverndar, öryggis, aðgengis og rannsókna eða gagna sem sýna fram á að stafrænar lausnir og leiðir styðji við markmið skólastarfs og gæði náms og kennslu.

Menntaráð felur menntasviði að vinna áfram að mótun áætlunar í samráði við skólasamfélagið og leggja fram nánari tillögur um hæfniviðmið, aðgerðir, viðmið um notkun stafrænnar tækni og framtíðarfyrirkomulag tækjaumhverfis skóla.

Menntasvið kanni möguleika á samstarfi um mælikvarða og mat á áhrifum stafrænnar tækni á nám, kennslu og skólastarf.

Menntaráð leggur jafnframt til að stofnaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að yfirfara og meta tillögur og áætlun þegar þær liggja fyrir. Í starfshópnum sitji þrír fulltrúar menntaráðs (tveir frá meirihluta og þar af annar formaður ráðsins og einn frá minnihluta), einn fulltrúi skólastjórnenda, einn fulltrúi kennara, einn fulltrúi leikskólakennara, einn fulltrúi frístundaleiðbeinenda, einn fulltrúi foreldra og einn fulltrúi nemenda auk verkefnastjóra UT mála, deildarstjóra leik- og grunnskóladeildar og sviðsstjóra menntasviðs. Við skipan hópsins verði þannig hugað að breiðri aðkomu skólasamfélagsins, faglegri þekkingu og skýrri tengingu við stefnumótun og framkvæmd verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

